



Reykjanesbær, 11. september 2026

724. fundur bæjarstjórnar Reykjanesbæjar haldinn að Grénásbraut 910
15. september 2026, kl. 17:00

DAGSKRÁ

1. Fundargerðir bæjarráðs 3. og 10. september 2026 (2026010008)
2. Fundargerð skipulagsráðs 4. september 2026 (2026010016)
3. Fundargerð velferðarráðs 10. september 2026 (2026010017)
4. Fundargerð menntaráðs 11. september 2026 (2026010013)
5. Fundargerðir umhverfis- og framkvæmdaráðs 11. september 2026 (2026060411)
6. 100 daga áætlun meirihlutans (2026060280)



Fundargerð

1577. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910
3. september 2026, kl. 08:15

Viðstaddir:

Gunnlaugur Kárasen formaður, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Kristján Pétur Kristjánsson og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Vilhjálmur Árnason bæjarstjóri og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Umbóta- og hagræðingarteymi - fjárhagsáætlunarvinna (2026070070)

Fannar Jónasson ráðgjafi sat fundinn undir þessum dagskrárlið og kynnti hann vinnu umbóta- og hagræðingarteymis.

2. Beiðni um flutning fjármagns milli lykla (2026090001)

Ólafur Garðar Rósinkarsson, verkefnastjóri í málefnum fatlaðra, sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Beiðni um tilfærslu fjármagns af lykli 02582 á lykil 02563 vegna flutnings íbúa á milli úrræða lögð fram.

Bæjarráð samþykkir beiðnina.

3. Náttúruhamfaratryggingar - byggingar á þekktum hættusvæðum (2025090242)

Erindi frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands lagt fram, en þar er vakin athygli á áhrifum 16. gr. laga nr. 55/1992 þegar hús eða önnur mannvirki eru reist á svæðum sem almennt var vitað fyrir fram að væru hættuleg með tilliti til náttúruhamfara.

4. Guðlaug M. Pálsdóttir (Fjölbrautaskóli Suðurnesja) - umsókn um tækifærisleyfi (2026090010)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

5. Fundargerð Almannaþingarnefndar Suðurnesja utan Grindavíkur 24. ágúst 2026 (2026020271)

Fundargerð Almannaþingarnefndar Suðurnesja utan Grindavíkur frá 24. ágúst 2026 lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:05.



Fundargerð

1578. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910 - Seltjörn,
10. september 2026, kl. 08:00

Viðstaddir:

Gunnlaugur Kárasón formaður, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Kristján Pétur Kristjánsson og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Vilhjálmur Árnason bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Bæjarráð samþykkir 5-0 að taka á dagskrá **Verknámshús Fjölbrautaskóla Suðurnesja - viljayfirlýsing (2024010257)**. Fjallað er um málið undir dagskrárlið 9.

* * *

1. Sjávargata 4 og Berghólabraut 9a – makaskipti (2026090111)

Guðlaugur Helgi Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs og Halldór Karl Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, sitja fundinn undir þessum dagskrárlið.

Tekið fyrir tilboð um makaskipti á Sjávargötu 4 og Berghólabraut 9a Reykjaneshæ. Er þar horft til möguleika í þróun hafnarinnar á komandi árum. Það svæði sem horft hefur verið til afmarkast af Sjávargötu frá Hafnargötu og Njarðarbraut að Bergási. Í þessari vinnu hefur m.a. verið horft til þess að samgöngutengingar frá hafnarsvæðinu og Fitjabraut við Reykjaneshæbraut verði sem auðveldastar fyrir umferð stórra og þungra ökutækja í framtíðinni.

Bæjarráð samþykkir makaskipti á lóðum 5-0. Drög að samningi verði lögð fyrir á næsta bæjarráðsfundi.

2. Eignarhlutur í landi Höskuldarkots (2026090119)

Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur umhverfis- og framkvæmdasviðs situr fundinn undir þessum dagskrárlið.

Lagt fram minnisblað þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarfélagsins varðandi kaup á eignarhlut tiltekinna erfingja í landi Höskuldarkots.

Bæjarráð felur Erlu Bjarnýju Gunnarsdóttur lögfræðingi umhverfis- og framkvæmdasviðs að afla frekari gagna í samræmi við umræður á fundinum.

3. Fjarprófþjónusta á Suðurnesjum (2026090083)

Lagt fram bréf frá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Þekkingarsetri Suðurnesja.

Bókun bæjarráðs Reykjaneshæjar:

Bæjarráð Reykjanesbæjar tekur undir þær áhyggjur sem fram koma í erindi stjórna Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum og Þekkingarseturs Suðurnesja vegna breytinga á skipulagi og fjármögnun fjarprófaþjónustu á Suðurnesjum.

Öflugt aðgengi að háskólanámi óháð búsetu skiptir miklu máli fyrir íbúa og áframhaldandi uppbyggingu Suðurnesja. Fjarprófaþjónusta er mikilvægur hluti þess að tryggja slíkt aðgengi og þarf fjármögnun þjónustunnar að taka mið af raunverulegu umfangi, þjónustubörf og kostnaði við framkvæmd hennar.

Bæjarráð telur jafnframt mikilvægt að breytingar á þjónustu sem þessari séu unnar í góðu samráði við þá aðila sem sinna henni og með hagsmuni námsfólks á svæðinu að leiðarljósi.

Bæjarráð skorar því á menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra að taka fyrirkomulag fjarprófaþjónustu á Suðurnesjum og fjármögnun hennar til endurskoðunar í samráði við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Þekkingarsetur Suðurnesja og tryggja að þjónusta við háskólanema á Suðurnesjum skerðist ekki.

4. Erindisbréf bæjarráðs (2026060120)

Forsetanefnd óskar eftir umsögn um drög að erindisbréfi bæjarráðs.

Bæjarráð staðfestir fyrirbyggjandi drög með áorðnum breytingum og vísar því til forsetanefndar.

5. Reykjanesbær - umsókn um tækifærisleyfi (2026090096)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

6. Fundargerð aðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga 21. ágúst 2026 (2026080050)

Lögð fram til kynningar fundargerð aðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga.

7. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 28. ágúst 2026 (2026010670)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

8. Fundargerð stjórnar Brunavarna Suðurnesja 31. ágúst 2026 (2026010077)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Brunavarna Suðurnesja.

9. Verknámshús Fjölbrautaskóla Suðurnesja - viljayfirlýsing (2024010257)

Guðlaugur Helgi Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, situr fundinn undir þessum dagskrárlið.

Lögð fram drög að viljayfirlýsingu milli Reykjanesbæjar og Fjölbrautaskóla Suðurnesja um stækkun verknámshúss Fjölbrautaskólans.

Bæjarráð felur Vilhjálmí Árnasyni bæjarstjóra að undirrita viljayfirlýsinguna fyrir hönd Reykjanesbæjar með leiðréttingum í samræmi við umræður sem fram komu á fundinum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:15.



Fundargerð

395. fundur skipulagsráðs Reykjaneshafnar, haldinn að Grænásbraut 910
4. september 2026, kl. 08:15

Viðstaddir: Gunnar Felix Rúnarsson formaður, Aðalgeir Jónsson, Halldór Rósmundur Guðjónsson, Jón Már Sverrisson og Róbert Jóhann Guðmundsson.

Að auki sátu fundinn Sveinn Valdimarsson ráðgjafi, Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi, Anna Þóra Gísladóttir verkefnastjóri byggingarfulltrúa, Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála og Íris Eysteinsdóttir ritari.

Hjörtur Magnús Guðbjartsson boðaði forföll og sat Halldór Rósmundur Guðjónsson fundinn í hans stað.

* * *

1. Erindisbréf skipulagsráðs (2026060120)

Erindisbréf skipulagsráðs Reykjaneshafnar lagt fram.

2. Narfakotstún - andmæli (2026050328)

Guðbjörg Lára Sigurðardóttir leggur fram erindi og undirskriftalista er varða fyrirhugaðar framkvæmdir á Narfakotstúni.

Skipulagsráð þakkar fyrir afhendingu undirskriftalistans og tekur ábendingar og áhyggjur íbúa alvarlega. Fyrirhuguð uppbygging á Narfakotstúni er enn á algjöru frumstigi og engin útfærð áform eða hönnun liggja fyrir um hvernig svæðið muni líta út. Ráðið leggur áherslu á að málið verði unnið í opnu og gagnsæju ferli, þar sem hagsmunaaðilar og íbúar fái rík tækifæri til umsagnar og samráðs þegar áform skýrast og áður en ákvörðun verður tekin. Erlu Bjarnýju Gunnarsdóttur lögfræðingi falið að svara erindinu.

3. Njarðvíkurhöfn – deiliskipulagstillaga (2026020391)

Forsendur skipulagsbreytinga eru að stækka og endurbæta norðurhluta hafnarsvæðis Njarðvíkurhafnar sem hluta af því markmiði að efla hlutverk Njarðvíkurhafnar sem aðalþjónustuhöfn Reykjaneshafnar fyrir sjávarútvegstengda starfsemi. Þá er gert ráð fyrir uppbyggingu löndunarþjónustu fyrir smærri báta sem krefst landfyllingar á svæðinu á milli norður- og suðurgarðs. Meginbreytingar felast í að Njarðvíkurhöfn (H4) er stækkuð um 1,5 ha með landfyllingu á milli norður- og suðurgarðs. Einnig er ný afmörkun á hverfisvernd (HV30) fyrir byggð. Hverfisvernd felld niður á hafnarsvæðinu (H4).

Óskað er heimildar til að auglýsa lýsingu og vinnslutillögu að breytingu aðalskipulags samtímis.

Skipulagsráð heimilar að auglýsa deiliskipulagstillöguna.

4. Iðjustígur 1 - breyting á deiliskipulagi (2022030448)

JeES arkitektar f.h. Ásgarðs fasteignafélags ehf. leggja fram breytingu á deiliskipulagi fyrir Hafnargötu 91, lðjustíg 1 og Pósthússtræti 5, 7 og 9. Breytingin felur einkum í sér að hluti lóðar Hafnargötu 91 sameinast lóð lðjustígs 1, þannig að lóð lðjustígs 1 verður 5.442 m² og lóð Hafnargötu 91 verður 4.015 m². Heimilt verður að byggja 4-7 hæða fjölbýlishús með verslunar- og þjónustuhúsnæði á fyrstu hæð og íbúðum á efri hæðum, auk bílgeymslu neðanjarðar. Gert er ráð fyrir allt að 94 íbúðum. Tillagan var auglýst sbr. 1. mgr. 43. gr skipulagslaga og er að koma úr auglýsingarferli. Markmið breytingarinnar er að styrkja miðbæjarstarfsemi, nýta betur þegar raskað þéttbýlissvæði, bæta götumynd við Hafnargötu/Njarðarbraut og skapa skýrari heimildir til uppbyggingar í samræmi við aðalskipulag Reykjanesbæjar 2020-2035. Fyrir liggur heimild landeigenda fyrir deiliskipulagi fyrir reitinn.

Nokkrar athugasemdir bárust.

Skipulagsráð áréttar að áframhaldandi uppbygging og fjölgun íbúða á þessu svæði er nauðsynleg og mikilvægur liður í þróun sveitarfélagsins. Ráðið leggur ríka áherslu á að sú uppbygging eigi sér stað í sem bestri sátt við nálæga byggð og tekur því áhyggjur og athugasemdir íbúa af fyllstu alvöru. Samþykkt er að fresta afgreiðslu málsins og er skipulagsfulltrúa falið að rýna innkomnar ábendingar og eiga samtal við hönnuði um mögulegar breytingar á útfærslu tillögunnar áður en hún verður tekin fyrir að nýju.

5. Hafnargata 56 (2026080507)

JeES arkitektar f.h. RÍ H56 ehf. leggja fram breytingu á deiliskipulagi fyrir Hafnargötu 56. Breytingin felur helst í sér að notkun efri hæða breytist úr íbúðum í hótél. Byggingarreiturinn er stækkaður inn á við. Stækkunin hefur ekki áhrif á götumyndina frá Hafnargötu.

Erindi frestað. Óskað verður eftir ítarlegri gögnum.

6. Lónsbraut 1 (2026080478)

Íris Anna Karlsdóttir fyrir hönd HS Orku leggur fram breytingu á deiliskipulagi fyrir Lónsbraut 1. Með stækkun lóðarinnar verður spennahúsið hluti af þeim mannvirkjum sem þar eru. Lóðin stækkar um 0,5 ha. Spilda úr óskiptu landi (L197661) minnkar sem því nemur. Umrædd spilda er í eigu HS Orku.

Skipulagsráð telur að breytingin á deiliskipulagi varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjanda og samþykkir því breytinguna skv. 44. grein skipulagslaga, málsgrein 3.

7. Hlíðarvegur 46 (2026080288)

Kári Viðar Rúnarsson óskar eftir heimild til að bæta við viðbyggingu við raðhús og breyttri skráningu á bílgeymslu í geymslu.

Skipulagsráð samþykkir að senda í grenndarkynningu skv. 43. grein skipulagslaga, málsgrein 2.

8. Fitjabraut 16-22 - breyting á lóðamörkum (2026060391)

Verkfræðistofa Suðurnesja f.h. HS Veitna leggur fram breytingu á lóðarblaði. Breytingin felur í sér að lóð nr. 18 minnkar um 2 metra á suðurenda og lóð nr. 16 stækkar í norður um 2 metra og minnkar um 2,5 m frá vestri. Markmiðið með breytingunni er að auka bíl fyrir innakstur að lóð nr. 18.

Skipulagsráð gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar. Breytingin verði sveitarfélaginu að kostnaðarlausu.

9. Stakksbraut 9 (2026080510)

Verkfræðistofa Suðurnesja f.h. RI Helguvík ehf. leggur fram breytingu á lóðarblaði. Breytingin felur í sér að lóð 9A og 9B stækkar og lóð 9 minnkar.

Skipulagsráð gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar. Breytingin verði sveitarfélaginu að kostnaðarlausu.

10. Tjaldstæði í Höfnum (2026080051)

Sveinn Enok Jóhannsson óskar eftir endurupptöku á fyrra erindi sínu varðandi tjaldstæði í Höfnum. Fyrra erindi var frestað og skipulagsfulltrúa falið að vinna áfram í málinu.

Lagðar eru til þrjár tillögur. Óskað er eftir afstöðu ráðsins um hvort vilji sé til að veita afnot eða leigja land undir tjaldstæði í Höfnum.

Á 394. fundi skipulagsráðs var nánari úrvinnslu vegna hugmyndar um tjaldstæði í Höfnum vísað til endurskoðunar aðalskipulags og að breyting á aðalskipulagi Hafna þurfi að vinnast í samráði við íbúa Hafna. Nánari úrvinnslu málsins er vísað til endurskoðunar aðalskipulags.

11. Hafnargata 2-2a-4 - Fichershús (2026090016)

Reykjanesbær óskar eftir heimild til að auglýsa reitinn ásamt Fischershúsi sem þróunarreit.

Skipulagsráð veitir heimild til að auglýsa umræddan reit sem þróunarreit.

12. Furudalur 3 - lóðarumsóknir (2026080508)

Átta umsóknir bárust um einbýlishúsalóðina Furudalur 3.

Þar sem fleiri aðilar sóttu um lóðina, mun hlutkesti fara fram milli umsóknaraðila. Dregið verður um fyrsta, annað og þriðja val. Lögfræðing umhverfis- og framkvæmdasviðs falið að sjá um hlutkestið, greint verður frá niðurstöðum á næsta fundi skipulagsráðs.

13. Brekadalur 20 - lóðarumsókn (2026080276)

Rúrik Sand sækir um lóðina Brekadal 20.

Lóðarumsókn samþykkt.

14. Selás 2 - lóðarumsókn (2026080275)

Tryggvi Forberg sækir um lóðina Selás 2.

Lóðarumsókn samþykkt.

15. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa (2026010307)

Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa nr. 400-407 lagðir fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9.37.



Fundargerð

457. fundur velferðarráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910
10. september 2026, kl. 13:00

Viðstaddir: Ólöf Steinunn Lárusdóttir formaður, Aðalheiður Hilmarsdóttir, Alma Guðnadóttir, Halla Karen Guðjónsdóttir og Hermann Borgar Jakobsson.

Að auki sátu fundinn Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir teymisstjóri virkni- og ráðgjafarteymis og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Velferðarráð samþykkti 5-0 að taka á dagskrá málið **Ljósanótt 2026 - starfsemi barnaverndarþjónustu í athvarfi (2026040270)**. Fjallað er um málið undir dagskrárlið 7.

* * *

1. Farsæld barna í Reykjanesbæ (2025100186)

Hjördís Eva Þórðardóttir, verkefnastjóri farsældar barna á Suðurnesjum, mætti á fundinn og fór yfir greiningu á farsæld barna í Reykjanesbæ árin 2023 til 2026, en sú greining leggur mælikvarða Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar saman í eina farsældarvísitölu.

Velferðarráð fagnar þeirri jákvæðu þróun sem kemur fram í nýrri greiningu á farsæld barna í Reykjanesbæ á árunum 2023–2026. Heildarvísir farsældar hefur hækkað og framfarir mælast á fimm af sex sviðum. Reykjanesbær mælist þó enn undir öðrum sveitarfélögum og niðurstöðurnar sýna ólíka þróun eftir aldri og málaflokkum.

Velferðarráð vekur sérstaka athygli á að í skýrslunni koma fram vísbendingar um aukið einelti, meiri þreytu, verri líðan í skóla, minni hreyfingu og aukinn einmanaleika og andlega vanlíðan hjá börnum í ákveðnum árgöngum. Mikilvægt er að greina þessar niðurstöður nánar og tryggja að þeim verði fylgt eftir með markvissum og mælanlegum aðgerðum.

Greiningin lýsir þróun í líðan og aðstæðum barna en sýnir ekki hvernig samþætting þjónustu í þágu farsældar barna hefur gengið í framkvæmd. Hún veitir meðal annars ekki upplýsingar um aðgengi að tengiliðum og málstjórum, málafjölda, biðtíma, stuðningsteymi, stuðningsáætlanir eða reynslu barna og foreldra af þjónustuferlinu.

Velferðarráð óskar því eftir heildstæðri stöðuggreiningu á innleiðingu og framkvæmd samþættrar þjónustu í þágu farsældar barna í Reykjanesbæ. Jafnframt verði metið hvort núverandi staðsetning, umboð og stjórnun verkefnisins á velferðarsviði styðji nægilega við þverfaglega ábyrgð og samfelli þjónustu eða hvort breytinga sé þörf. Við það mat verði horft til fyrirkomulags og reynslu sambærilegra sveitarfélaga.

2. Erindisbréf velferðarráðs (2026060120)

Drög að erindisbréfi velferðarráðs lögð fram.

Velferðarráð felur Heru Ósk Einarsdóttur sviðsstjóra velferðarsviðs að uppfæra erindisbréf í samræmi við umræður á fundinum og leggja fram á næsta fundi ráðsins.

3. Úrbótaáætlun barnaverndarþjónustu (2026030115)

Henný Úlfarsdóttir teymisstjóri barnaverndar sat fundinn undir þessum dagskrárlið og kynnti, ásamt Heru Ósk Einarsdóttur sviðsstjóra velferðarsviðs, stöðu úrbótavinnu barnaverndarmála hjá barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar vegna vistunar barna utan heimilis.

Velferðarráð óskar eftir heildstæðri stöðugreiningu á barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar.

Í greiningunni verði meðal annars fjallað um þróun málafjölda og málþyngdar, mönnun og starfsumhverfi, stöðu fósturmála og annarra úrræða, framkvæmd lögbundinna verkefna, stöðu barna með fjölþættar þjónustuþarfir og helstu áskoranir þjónustunnar.

Jafnframt verði gerð grein fyrir þeim úrbótum sem þegar hafa verið innleiddar, hvernig árangur þeirra er metinn og hvaða frekari úrræði, mannafla eða fjárheimildir sviðið telur nauðsynlegar, meðal annars með hliðsjón af undirbúningi fjárhagsáætlunar 2027.

Velferðarráð leggur áherslu á að fá reglulega heildstæða yfirsýn yfir stöðu og þróun barnaverndarþjónustunnar til að geta sinnt hlutverki okkar sem er að sinna eftirliti og vera stefnumótandi og taka upplýstar ákvarðanir um forgangsroðun og úrbætur.

4. Fjárhagsáætlun velferðarsviðs 2027 (2026070036)

Henný Úlfarsdóttir teymisstjóri barnaverndar, Ólafur Garðar Rósinkarsson, verkefnastjóri í málefnum fatlaðs fólks og Vilborg Pétursdóttir teymisstjóri barna- og fjölskylduteymis sátu fundinn undir þessum dagskrárlið.

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs fór yfir stöðu fjárhagsáætlunarvinnu velferðarsviðs, helstu áherslur og næstu skref.

5. Fjárhagsaðstoð og sérstakur húsnæðisstuðningur - tölulegar upplýsingar (2026020248)

Tölulegar upplýsingar vegna fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings í júlí 2026 lagðar fram.

Fjárhagsaðstoð í júlí

Í júlí 2026 fengu 70 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjanesbæ.

Alls voru greiddar 10.159.342 kr. í fjárhagsaðstoð til framfærslu eða að meðaltali um 145.133 kr. á hvern einstakling. Fjöldi barna á framfæri foreldra/forráðamanna á fjárhagsaðstoð var 27.

Í júlí 2025 fengu 118 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjanesbæ.

Alls voru greiddar 14.235.500 kr. í fjárhagsaðstoð til framfærslu eða að meðaltali 120.639 kr. á hvern einstakling. Fjöldi barna á framfæri foreldra/forráðamanna á fjárhagsaðstoð var 57.

Sérstakur húsnæðisstuðningur í júlí

Í júlí 2026 fengu 230 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins. Samtals voru greiddar 6.875.047 kr.

Í júlí 2025 fengu 278 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins. Samtals voru greiddar 6.503.867 kr.

Áfrýjunarnefnd

Enginn fundur var haldinn í áfrýjunarnefnd í júlí.

6. Fundargerð öldungaráðs Reykjanesbæjar 9. september 2026 (2026010018)

Fundargerðin lögð fram.

7. Ljósanótt 2026 - starfsemi barnaverndarþjónustu í athvarfi (2026040270)

Henný Úlfarsdóttir teymisstjóri barnaverndar sat fundinn undir þessum dagskrárlið og kynnti skýrslu um starfsemi barnaverndarþjónustu í athvarfi á Ljósanótt 2026.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:09.



Fundargerð

399. fundur menntaráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910
11. september 2026, kl. 08:15

Viðstaddir: Berglind Ragnarsdóttir formaður, Díana Hilmarsdóttir, Bjarni Halldór Heiðuson, Sigrún Þorsteinsdóttir og Þorsteinn Ingi Hjálmarsson.

Að auki sátu fundinn Hlynur Jónsson fulltrúi skólastjóra grunnskóla, Guðrún Sigríður Egilsdóttir fulltrúi grunnskólakennara, Anita Engley Guðbergisdóttir fulltrúi FFGÍR, Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs, Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Ragnar Már Ragnarsson boðaði forföll og sat Þorsteinn Ingi Hjálmarsson fundinn í hans stað.

* * *

1. Upphaf skólastarfs 2026 (2026090142)

Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi fór yfir upplýsingar varðandi upphaf skólastarfs í grunnskólum Reykjaneshæjar haustið 2026.

Skólastarf í grunnskólum Reykjaneshæjar hófst samkvæmt skóladagatali þriðjudaginn 25. ágúst 2026. Í upphafi skólaárs eru alls 2.727 nemendur skráðir í grunnskóla sveitarfélagsins, sem er sambærilegur fjöldi og við upphaf síðasta skólaárs. Af þessum hópi eru 305 nemendur í 1. bekk, en 235 þeirra tóku þátt í sumarfrístund áður en skólastarf hófst sem var frá 11.–24. ágúst. Í upphafi skólastarfs eru 743 nemendur í 1.–4. bekk á frístundaheimilum. Í upphafi síðasta skólaárs voru þeir 591. Það gerir um 26% aukningu.

2. Farsæld barna í Reykjaneshæ (2025060040)

Hjördís Eva Þórðardóttir, verkefnastjóri farsældar barna á Suðurnesjum, mætti á fundinn og fór yfir greiningu á farsæld barna í Reykjaneshæ árin 2023 til 2026, en sú greining leggur mælikvarða Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar saman í eina farsældarvísitölu.

Menntaráð fagnar þeirri jákvæðu þróun sem mælist í farsæld barna í Reykjaneshæ og telur mikilvægt að niðurstöðurnar verði nýttar markvisst til áframhaldandi umbóta.

Menntaráð lýsir jafnframt áhyggjum af því að sérstakt viðbótarfjármagn ríkisins til sveitarfélaga vegna innleiðingar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna falli niður um næstu áramót, verði fjárlagafrumvarp 2027 samþykkt óbreytt að þessu leyti. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi fjármögnun þeirrar þjónustu svo markmið um snemmtækan og samþættan stuðning við börn og fjölskyldur náist.

3. Framkvæmdir í Holtaskóla og Myllubakkaskóla (2024040176)

G. Hans Þórðarson verkefnastjóri frá OMR verkfræðistofu mætti á fundinn og kynnti stöðu framkvæmda í Holtaskóla og Myllubakkaskóla.

Menntaráð fagnar því að allir nemendur séu komnir undir eitt þak í bæði Holtaskóla og Myllubakkaskóla og ítrekar mikilvægi þess að tryggt verði nægjanlegt fjármagn í fjárhagsáætlun 2027 svo unnt verði að ljúka fyrirhuguðum framkvæmdum við báða skóla að fullu fyrir lok árs 2027.

4. Mælaborð grunnskólastarfs (2026080226)

Á fundi menntaráðs 21. ágúst sl. var samþykkt að stofnaður yrði starfshópur til að yfirfara og þróa árangursmælingar í grunnskólastarfi Reykjanesbæjar.

Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi fór yfir nánari skilgreiningu verkefnisins.

5. Fjárhagsáætlun menntasviðs 2027 (2026070036)

Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs fór yfir verklag og áherslur í vinnu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2027.

Menntaráð tekur jákvætt í þá vinnu sem fram undan er við að skoða heildstæðara skipulag frístundaþjónustu og mögulega sameiningu frístundaheimila, félagsmiðstöðva og vinnuskóla undir einn hatt. Slík nálgun skapar tækifæri til aukinnar samfellu í þjónustu við börn og ungmenni, betri nýtingar mannauðs og aðstöðu og öflugra samstarfs milli þjónustubátta. Mikilvægt er að áframhaldandi vinna byggji á þeirri heildarsýn að frístundaþjónusta sé mikilvægur þáttur í lífsgæðum og forvörnum. Mikilvægt er að þessi vinna fari fram í góðu samstarfi við alla hagaðila.

Jafnframt leggur menntaráð áherslu á að við núllgrunnsvinnu fjárhagsáætlunar verði möguleg hagræðing metin út frá áhrifum á þjónustustig og gæði. Fyrirliggjandi gögn sýna að Reykjanesbær er nú þegar með lágan kostnað til fræðslumála í samanburði við önnur stór sveitarfélög og því þarf að gæta þess að hagræðing leiði ekki til skerðingar á þjónustu við börn og fjölskyldur.

6. Erindisbréf menntaráðs (2026060120)

Drög að erindisbréfi menntaráðs lögð fram og samþykkt með minniháttar athugasemdum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:56



Fundargerð

3. fundur umhverfis- og framkvæmdaráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910, 11. september 2026, kl. 08:30

Viðstaddir: Guðbergur Reynisson formaður, Brynjólfur Sveinn Ívarsson, Einar Þór Guðmundsson, Elfa Hrund Guttormsdóttir, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir.

Að auki sátu fundinn Guðlaugur Helgi Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, Aron Heiðar Steinsson veitustjóri, Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála og Íris Eysteinsdóttir ritari.

Eysteinn Eyjólfsson boðaði forföll og sat Elfa Hrund Guttormsdóttir fundinn í hans stað.

* * *

1. Erindisbréf umhverfis- og framkvæmdarráðs (2026060120)

Erindisbréf umhverfis- framkvæmdaráðs lagt fram til umræðu.

2. Njarðarbraut – fyrirhugaðar framkvæmdir (2026050289)

Guðlaugur Helgi Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs fór yfir framkvæmdir sem eru í undirbúningi við Njarðarbraut, Bergás og Grænásveg.

Umhverfis- og framkvæmdaráð ítrekar að hringtorg við Bergás verði sett í forgang eins og áður hefur verið samþykkt og sviðsstjóra falið að óska eftir við bæjarráð að framkvæmd þess verði samhliða eða í beinu framhaldi af lagningu göngustíga frá Fitjum að Fitjabraut. En sú framkvæmd fór í verðkönnun og hefst framkvæmd á næstu dögum. Á næsta fundi samráðshóps umhverfis- og framkvæmdaráðs, skipulagsráðs og atvinnu- og hafnarráðs verði sameinast um eina leið til þess að leysa umferðarvanda tengdan gatnamótum Grænás-Njarðarbrautar og flutningsleiða til og frá Njarðvíkurhöfn en nú er tækifæri til þess að móta þetta svæði þar sem bæjarráð hefur samþykkt makaskipti á lóðunum Sjávangötu 4 og Berghólabraut 9a.

3. Umferðaröryggisáætlun (2026020367)

Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála fór yfir þau verkefni sem lagt er til að farið verði í á árinu 2027.

Lagt fram.

4. Húsnæði við Miðtúnsróló (2026090071)

Starfsmenn eignaumsýslu leggja til að farið verði í að rífa eða fjarlægja gamla gæsluhúsið á Miðtúnsróló. Lagt er til að þetta verði sent í verðkönnun.

Máli vísað til bæjarráðs.

5. Hagsmunasamtök íbúa á Ásbrú - almenningssamgöngur (2026090145)

Katrín Sandholt og Berglind Heiða, fulltrúar frá Hagsmunasamtökum íbúa á Ásbrú mættu á fundinn og kynntu tillögur til að bæta samfélagið á Ásbrú.

Umhverfis- og framkvæmdaráð þakkar fyrir kynninguna og fagnar stofnun þessara samtaka og frumkvæði sjálfböðaliða.

6. Atvinnu- og framkvæmdaþing Reykjanesbæjar 2026 (2026090146)

Reykjanesbær efnir til atvinnu- og framkvæmdaþings þar sem sjónum verður beint að atvinnulífi, uppbyggingu og þeim fjölmörgu tækifærum sem eru í sveitarfélaginu.

Umhverfis- og framkvæmdaráð fagnar því hversu sýnileg fyrirtæki og félagasamtök eru orðin í samfélaginu.

Ráðið hvetur enn fremur einstaklinga og fyrirtæki til þess að skrá sig á framkvæmdaþing Reykjanesbæjar þann 16. september en þar munu öll stærstu fyrirtækin sem eru í uppbyggingu þessa stundina greina frá sínum áformum.

7. Niðurstaða af ástandsskoðun niðurgrafinna olíutanka (2026090150)

Lögð fram skýrsla Kadeco sem unnin er af Verkfræðistofu Suðurnesja um ástand niðurgrafinna olíutanka sem staðsettir eru austan Reykjanesbrautar, milli Grænásvegar í suðri og Þjóðbrautar í norðri.

8. Samráðsnefnd atvinnu- og hafnarráðs, skipulagsráðs og umhverfis- og framkvæmdaráðs (2022110379)

Fundargerð samráðshóps atvinnu- og hafnarráðs, skipulagsráðs og umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 1. september 2026 lögð fram.

Umhverfis- og framkvæmdaráð fagnar því að sett hafi verið saman samráðshópur umhverfis- og framkvæmdaráðs, atvinnu- og hafnarráðs og skipulagsráðs vegna allra þeirra mikilvægu málaflokka sem skarast á milli þessara ráða.

Ráðið vísar 5. máli fundargerðarinnar til umræðu í bæjarráði.

9. Leiðbeiningar um Ljósvisst í Reykjanesbæjar (2025090508)

Aron Heiðar Steinsson veitustjóri Reykjanesbæjar lagði fram leiðbeiningar um Ljósvisst Reykjanesbæjar.

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir þessar leiðbeiningar.

10. Umferðarþing 2026 – ungt fólk og umferðin (2026090068)

Mínnt á umferðarþing sem fer fram 22. september 2026. Fulltrúar umhverfis- og framkvæmdaráðs hvattir til að mæta.

Umhverfis- og framkvæmdaráð hvetur áhugasama að sækja umferðarþing 2026.

11. Umhverfisviðurkenningar 2026 - niðurstöður (2026060377)

Farið yfir niðurstöður starfshóps um viðurkenningar umhverfisverðlauna sem afhentar voru á Ljósanótt.

Umhverfis- og framkvæmdarráð óskar þeim sem fengu viðurkenningar innilega til hamingju.

12. Ábendingagátt Reykjanesbæjar (2026090148)

Aðalheiður Júlírós Óskarsdóttir gæðastjóri og Hrefna Gunnarsdóttir persónuverndarfulltrúi mættu á fundinn og kynntu ábendingagátt Reykjanesbæjar.

13. Hugmynd að uppbyggingu á Patterson svæðinu (2026090151)

Lagðar fram hugmyndir Brynjólfs Ívarssonar um uppbyggingu á Patterson svæðinu.

Umhverfis- og framkvæmdaráð felur Margréti Lilju Margeirsdóttur deildarstjóra umhverfismála að ræða um framtíð Patterson svæðisins við Kadeco.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.59